

EFTIRLITSSKÝRSLA

OLÍUBIRGÐASTÖÐ OLÍUDREIFINGAR Á REYÐARFIRÐI

Dagsetning	21. júní 2011	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Olíudreifing ehf.	Starfsleyfi, gildir til	31. janúar 2027
Heimilisfang	Gelgjutanga við Kleppsmýrarveg	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	660695-2069	Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson Pórarinn Oddsson
Isat nr.	63.40	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	N65 01,898 V14 12,885
Starfsemi	Önnur flutningamiðlun		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom fram 1 frávik frá kröfum í starfsleyfi. Engin athugasemd var gerð.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir rekstrarhandbók í stöð Olíudreifingar á Reyðarfirði, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Olíudreifing hefur í notkun skráningarblað (svokallað mánaðarblað) sem er notað á öllum birgðastöðvum þeirra, þar sem skráð er ýmist viðhald og eftirlit í birgðastöðvunum. Nýtt (2011) starfsleyfi heimilar að dregið sé úr mælingum á olíu í fráveituvatni ef eftirlit og viðhald með olíuskiljum eru með fullnægjandi hætti. Olíuskiljur voru tæmdar 17. maí sl.

Nýr geymir er í stöðinni sem þarf að skrá í viðhalds- og eftirlitskerfi Olíudreifingar. Merkja þarf geyminn í samræmi við kröfur í reglugerð nr. 35/1994 og senda upplýsingar um fastanúmer til Umhverfisstofnunar.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Farið var yfir kröfur um botnþykktarmælingar á geymum í stöðinni. Tíu geymar eru í stöðinni og hafa þeir allir verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Þrjár lagnir eru af bryggju og inn í stöðina og voru þær þrýstiprófaðar síðast árið 2010.

Gengið var um stöðina, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þrær) og olíuskiljur. Áfyllingarplan var svo og skoðað. Girðingar og hlið voru í lagi.



FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik 1: Merking á nýjum geymi í stöðinni

Kröfur í starfsleyfi, grein 2.5, kveða á um að frágangur á geymum og lögnum fyrir eldfima vökva skuli vera í samræmi við ákvæði reglugerða nr. 35/1994 og 188/1990. Ljúka þarf merkingum á nýjum geymi í stöðinni.

Athugasemdir:

Engar athugasemdir voru gerðar við stöðina.

Reykjavík, 20/09/2011

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.